



Fundargerð 263.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 1. september 2021 kl. 16.00 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson, Ólína Freysteinsdóttir, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Þröstur Friðfinnsson, Ólafur Rúnar Ólafsson og Þórhallur Jónsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Farþegagjald.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið sendi Hafnasamlagi Norðurlands þann 30. júlí 2021 erindi, um að ráðuneytið hefði ákveðið að taka til meðferðar stjórnarsýslukæru AC ehf. (áður Ambassador ehf.), kt. 551009-2620, dags. 27. júní 2019. AC ehf kærði ákvörðun Samgöngustofu frá 29. apríl 2019, þar sem Samgöngustofa hafnaði því að taka afstöðu til lögmætis ákvörðunar HN um að leggja farþegagjald á AC ehf. frá og með árinu 2016. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið óskaði eftir greinargerð vegna innheimtu farþegagjalds og hefur erindinu verið svarað.

2. Fjárhagsáætlun HN 2022, fyrri umræða.

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti drög að fjárhagsáætlun HN fyrir árið 2022. Fyrri umræðu lokið og henni vísað til síðari umræðu.

3. Framkvæmdaráætlun 2022.

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti framkvæmdaráætlun HN fyrir árið 2022. Í covid faraldrinum var ýmsum stærri viðhaldsframkvæmdum slegið á frest en í framlagðri framkvæmdaráætlun er lagt til að stærsta verkefnið sem er endurbygging Torfunefsbyggju verði ekki slegið lengur á frest. Öll verkefni í áætluninni eru talin mjög aðkallandi. Til að uppfylla framkvæmdaráætlun að fullu gæti þurft að ráðast í lántöku til skamms tíma. Fyrri umræðu lokið og henni vísað til síðari umræðu.

4. Torfunefsbyggja.

Með mikilli aukningu minni skemmtiferðaskipa til Akureyrar undanfarin ár og þeirrar miklu hafnsæknu þjónustu sem verður til vegna þeirra á svæðinu og ástands Torfunefsbyggju hefur HN unnið að undirbúningi á endurbyggingu hennar. Hafnarsvið Vegagerðarinnar hefur unnið að greiningu fyrir höfnina hvernig mannvirki væri hentugast á svæðið og mælir með stálþilsbyggju. HN hefur unnið náið með



bæjaryfirvöldum að þróun svæðisins og m.a. hefur verið kannaður sá möguleiki að höfnin eignist uppland bryggjunnar og skipuleggi uppbyggingu þar í samvinnu við bæinn. Samkvæmt framkvæmdaráætlun ársins 2022 er gert ráð fyrir að nýta deiliskipulagsrammann að fullu, sem er að núverandi bryggjukantur færist 20 metra austar. Lögð fram til kynningar drög að samningi milli Akureyrarbæjar og Hafnasamlags Norðurlands um afhendingu eignarlóðar frá bænum til hafnarinnar. Hafnarstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

5. Önnur mál.

a. Skógrækt 2021

Stjórn HN samþykkir að fela UMSA að sjá um gróðursetningu 10.000 plantna fyrir hönd HN í Græna tréfilinn.

Fundagerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 17:25

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

Axel Grettisson

Jana Salóme Ingibjargar Jósépsdóttir

Þröstur Friðfinnsson

Ólína Freysteinsdóttir

Ólafur Rúnar Ólafsson

Þórhallur Jónsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri

